



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Vorbréf 2020

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*



Gróður andans

Undanfarið hef ég ræktað flóknar tilfinningar
við hentugar aðstæður,
viðeigandi hitastig
og rétt rakastig.
Þær hafa vaxið,
stækkað óhóflega,
eru farnar að setja mér skorður
orðnar fjötur um fót.

Nú er tími til kominn að sleppa þeim lausum
unna þeim þess að flögna örlítið um innanhúss
opna glugga
gefa þeim frelsi
og heyra hvininn
þegar þær svífa burt.

Þórdís Gísladóttir

Úr Ljóðabókinni
Mislæg gatnamót



Samskipta- og útgáfunefnd færir ykkur óskir um ánægjulegt sumar eftir fordæmalausan vetur

Samskipta- og útgáfunefnd kallaði eftir efni í seinna blað starfsársins nú í sumarbyrjun og lítur það nú dagsins ljós þegar sumarnóttin er björt.

Í fréttabréfinu færir Ingibjörgu E. Guðmundsdóttir landssambandsforseti okkur fréttir af starfi stjórnar landssambands DKG á Íslandi og minnir félagskonur á haustráðstefnuna þann 12. september í Borgarnesi sem er í raun vorráðstefnan sem vera átti í maí. Evrópuforsetinn okkar Ingibjörg Jónasdóttir hvetur félagskonur að taka þátt í alþjóðþingi samtakanna nú í júlímánuði. Í ár krefst það engra ferðalaga þar sem þingið verður á vefformi, streymi eða zoomfundum.

Fréttir af starfi deilda er fastur liður í fréttablaðinu og er einstökum deildum færðar þakkir fyrir innsent efni. Formenn deilda bera ábyrgð á að fréttapistlar berist og við öflun efnis er haft samband við þá. Hinn fordæmalausi vetur setti nokkuð strik í starf deilda en hugvit og frumleiki einkennir starfið í öllum landshornum. Nokkrar deildir funduðu í gegnum fjarfundabúnað á tímum samkomubanns og mun tíminn leiða í ljós hvort það verði nýtt í meira mæli í vetrarófærð og óværu í framtíðinni. Pistlar deilda birtast í stafrófsröð í fréttablaðinu.

Við hvetjum félagskonur að koma með uppástungur til samskipta- og útgáfunefndar DKG um efni í fréttablaðið en næsta blað er væntanlegt í desember.

Eygló Björnsdóttir vefstjóri DKG á Íslandi hefur verið okkur nefndarkonum innan handar við að setja fréttabréfið á vefinn, þökkum við henni fyrir aðstoðina og að vera ávallt til taks.

*Samskipta- og útgáfunefnd DKG:
Edda Pétursdóttir
Hildur Skarphéðinsdóttir
Svana Friðriksdóttir*





Fréttir frá stjórn landssambands DKG á Íslandi

Stjórn landssambandsins 2019-2021 kjörin á síðasta landssambandsþingi, hefur verið að störfum í eitt ár. Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að taka þátt í leiðtogabjálfun alþjóðasamtakanna, sem haldin var í tengslum við alþjóðaráðstefnuna í júlí. Forseti, ritari, gjaldkeri og formaður félaga- og útbreiðslunefndar sóttu sérstök námskeið vegna starfa sinna fyrir samtökin.

Í stjórnina völdust konur af landsbyggðinni, eins og raunar einnig tímabilið 2017-2019. Þá voru teknir upp fjárfundir í gegnum Skype í miklum mæli og var því lítið mál fyrir nýja stjórn að halda þeim áfram. Á fyrsta starfsári höfum við haldið 8 stjórnarfundir og 6 þeirra voru fjárfundir á Skype. Þetta er mikið hagræði fyrir samtökin fyrst og fremst vegna ferðakostnaðar. Eins kom það sér vel í Covid 19 faraldrinum, að við skyldum vera búnar að tileinka okkur þessa leið í samskiptum. Það varð því ekkert hlé á stjórnarstörfum vegna faraldursins.

Fyrstu stjórnarfundir fóru í að undirbúa starfsárið með því að skipa í lögbundnar nefndir og embætti, vinna tillögu að fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun ásamt því að undirbúa framkvæmdaráðsfund. Undirbúningur að vorráðstefnunni hefst á framkvæmdaráðsfundi, því tillaga að dagsetningu er lögð fram þar.

Framkvæmdaráðsfundur gekk ljómandi vel, tillögur stjórnar voru samþykktar og góðar umræður urðu um flest mál, einkum um áherslur í starfinu. Ákveðið var að halda aukafund á vormánuðum um gerð langtímaáætlunar – 10 ára áætlunar að fyrirmynd alþjóðasamtakanna. Fundurinn sem halda átti vegna vorráðstefnuna, var felldur niður þegar ráðstefnunni var seinkað

til haustsins. Við munum halda þessu starfi áfram í tengslum við framkvæmdaráðsfundinn í haust og þá með nýjum formönnum.

Starf nefnda hefur gengið vel, en stjórnarkonur skiptu með sér verkum við að fylgja nefndunum eftir og halda tengingu þeirra við stjórn landssambandsins. Það berast alltaf erindi frá alþjóðasamtökunum, sem þarf að leysa úr.



Forseti hefur skrifað 5 fréttabréf um helstu málefni. Fréttabréfin eru send til formanna og eru þeir beðnir að miðla upplýsingum til félagskvenna. En undanfarið hafa fréttabréf forseta líka verið sett inn á Facebook síðu samtakanna Delta Kappa Gamma á Íslandi (<https://www.facebook.com/groups/456735407744438/?ref=bookmarks>). Ég hvet þær konur sem eru á Facebook að ganga í hópinn. Bíða þarf eftir samþykki vefstjóra til að komast inn í hópinn. Forseti skrifaði grein í Euforia á vorönn. Og með þessari grein hefur forseti skrifað tvær greinar í fréttabréf DKG á árinu.

Stjórnin tók að sér að gera gátlista fyrir formenn, sem skiptur er eftir tímabilum í árshelminga. Verkið unnu forseti og ritari stjórnar í samráði við aðrar stjórnarkonur.



Gátlistinn er á vefnum dkg.is undir liðnum: Deildastarfið/Efni fyrir formenn. Forseti tók þátt í að yfirfara lög og reglugerð samtakanna með laganefndinni, en alþjóða-sambandið sendi okkur gátlista til að kanna hvort lögin uppfylltu öll skilyrði samtakanna. Breytingar, bíða landssambandsþings á næsta ári.

Heiðursfélagi okkar Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, hélt upp á 90 ára afmæli 15. apríl. Í því tilefni ákvað stjórn landssambandsins að færa styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur peningagjöf. Við fengum mjög fallett þakkarbréf frá Vigdísu nú í júní þar sem hún segist meta góðan hug okkar til sín og stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Það voru auðvitað vonbrigði að þurfa að fresta vorráðstefnunni fram á haustið, en það var fyrirséð að samkomubann og tveggja metra fjarlægðarregla myndu setja okkur of þröngar skorður. Nú er markmiðið að halda ráðstefnuna í Borgarnesi 12. september næstkomandi.

Menntanefnd hefur sett saman mjög spennandi dagskrá undir heitinu **BREYTTIR TÍMAR Fjölmiðlar-frumkvæði-valdefling** er dagskráin á vef okkar dkg.is ásamt upplýsingum um verð og skráningu. Deltadeildin mun annast ytri umgjörð ráðstefnunnar.

Eitt af markmiðum í framkvæmdaáætlun er að forseti heimsæki deildir, en þessi liður í starfi stjórnar leið fyrir faraldurinn og hefur forseti því eingöngu heimsótt tvær deildir; Epsilon deild í tilefni af 30 ára afmæli deildarinnar og Gammadeild í tilefni af inntöku nýrra kvenna.

Forseti sendi bréf til formanna deilda til að fá upplýsingar um stöðuna vegna faraldursins því ljóst var að fundum hafði verið frestað hjá flestum deildum. Spurt var um stöðu mála vegna aðalfunda, stjórnarkjörs, innheimtu félagsgjalda og samskipti formanna við félagskonur. Í framhaldinu var forseti í samskiptum við formenn deilda vegna ýmissa mála.

Framundan er alþjóðþing DKG með nýjum hætti vegna faraldursins. Þinginu í Philadelphia var aflýst, en þingstörf munu fara fram með rafrænum hætti og fyrirlestrum verður streymt í fyrirhugaðri þingviku. Þótt það hefði óneitanlega verið gaman að sækja alþjóðþing, þá verður spennandi að sjá hvernig til tekst með þetta nýja form. Á þessum hlekk, bloggi alþjóðaforsetans, eru upplýsingar um fyrirhugaða dagskrá þingsins:

<https://dkgpresident.blogspot.com/2020/06/the-view-from-above-9.html?sref=fb&fbclid=IwAR1ThQtM0L-C5aPTcjSHs77Clqh0PN78exABtb487s1rPDZTEtyIk7a8U>

Loks ber að geta þess að nú stendur yfir innheimta félagsgjalda. Það er mikilvægt að gjaldkerar deilda haki við þær sem hafa greitt inni á heimasíðu alþjóðasamtakanna til þess að koma í veg fyrir að þær sem eru búnar að greiða fái innheimtubréf.

Bestu óskir um gleðilegt og gott sumar til ykkar allra.

*Ingibjörg E. Guðmundsdóttir
formaður DKG á Íslandi*





Frá Evrópuforseta



Að þessu sinni verður alþjóðafing DKG með öðru sniði en venjulega, þ.e. það verður aðeins á vefformi, streymi eða zoomfundum. Það verður haldið dagana 7.-10. júlí eins og ráðgert var í upphafi og einhverjir atburðir verða 14. og 15. júlí. Hvet ég systur til að fylgjast með dagskránni, en hún er á

alþjóðavefnum **dkg.org** og verður uppfærð reglulega.

Fulltrúaráð alþjóðastjórnar eða Executive Board, þar sem allir landssambandsforsetar sitja eru nú að kjósa um hin ýmsu málefni. Þær kosningar fara fram á netinu. Allar laga- og reglugerðarbreytingar sem lágu fyrir þinginu er ekki hægt að afgreiða á vefrænan hátt og því verður þeim frestað um ár. Þær verða því að fara annan hring í gegnum nefndir og nýja alþjóðastjórn.

Þessi ótrúlegi Covid-19 tími hefur breytt ýmsu í okkar lífi, haldið okkur meira heimavið og hamlað ýmsu en einnig fleygt færni okkar fram um mörg ár varðandi notkun tækni. Ekki einungis í DKG heldur í þjóðfélaginu öllu. Við þekkjum það nú aldeilis í fræðslugeiranum. Þar héldu skólar á öllum stigum áfram kennslu og þó ekki allir hafi komið eins vel út þá gerðu allir sitt besta.

Þegar ég skrifa þennan pistil er 19. júní að nálgast. Þá leitar hugurinn til kvenréttindamála og m.a. til þess hvers vegna þessi samtök voru stofnuð. Á þessum árum börðust konur fyrir jafnrétti út um allan heim og gera enn.

Íslenskar konur fengu kosningarrétt 1915 og samtök DKG voru stofnuð 1929 í Austin Texas af Ann Webb Blanton ásamt 11 öðrum konum, sem börðust fyrir jafnrétti kvenna í fræðslugeiranum. Samtökin breiddust síðan út til Kanada, Mexíko og Evrópu og var fyrsta deildin á Íslandi stofnuð 1975, fyrir 45 árum.

Félagar eru fjölbreyttur hópur kvenna í mismunandi fræðslustörfum. Hér á landi eru deildirnar þrettán og er efnt til afar fjölbreyttrar dagskrár og eflandi umræðna um fræðslu- og uppeldismál.

Sem alþjóðasamtök gefst konum tækifæri til að taka þátt í alþjóðastarfi í nefndum, sækja ráðstefnur, halda vinnustofur og gefa kost á sér til að halda fyrirlestra. Ýmsir styrkir eru einnig í boði, bæði skólstyrkir til framhaldsnáms og ýmsir verkefnastyrkir.

Hvet ég systur til að skrá sig inn á innri síður alþjóðavefs **dkg.org**. Aðgangsorð er *id númer* sem fylgir kvittun frá gjaldkera. Á innri vef getur hver meðlimur uppfært sitt svæði og gengið úr skugga um að allar persónulegar upplýsingar séu réttar. Á innri síðunum er afar mikið efni um ýmis málefni.

Evrópuvefur er **dkgeurope.org** og íslenska síðan er **dkg.is**. Facebook síðurnar eru **The Delta Kappa Gamma Society International, DKG Europe** og **Delta Kappa Gamma á Íslandi**.

Megi sumarið verða ykkur öllum gott og gæfuríkt.

Ingibjörg Jónasdóttir
Evrópuforseti 2018-2020



Frá deildum

Beta

Þetta var sannarlega öðruvísi vorönn hjá Betadeild. Samkvæmt vetrardagskrá var ráðgert að halda fimm fundi eftir áramót en fundir sem vera áttu í mars og apríl féllu niður vegna kórónuveirufaraldurs. Það kom til tals að halda fund í gegnum fjarfundabúnað en þegar á reyndi var ekki mikill áhugi á því enda ekkert sem kemur í staðinn fyrir að hitta félagskonur og eiga með þeim góða stund. Það voru því haldnir þrjú fundir eftir áramót, í janúar, febrúar og maí.



Þann 15. janúar var bókafundur haldinn á heimili Önnu Þóru Baldursdóttur. Fundurinn var mjög vel sóttur og einkenndi mikill fjölbreytileiki bókavalið. Það voru ekki eingöngu nýútkomnar bækur sem fengu umræðu. Á fundinum var Sólveigar Hrafnisdóttur minnst sem lést 10. janúar en hún var um tíma félagskona í Betadeild.

Á febrúarfundi sem haldinn var í Verkmenntaskólanum á Akureyri sagði Svanfríður Larsen frá efni bókarinnar Á rétttri leið – Uppbygging og þróun í málefnum fatlaðra á Norðurlandi sem hún skrifaði ásamt Bjarna Kristjánssyni. Bókin segir áhugaverða sögu um það ferli sem átti sér stað frá þeim tíma þegar enga þjónustu var að fá fyrir fatlaða einstaklinga úti á landsbyggðinni, uppbyggingu og þróun. Bókin segir sögu frumkvöðla sem á margan hátt unnu kraftaverk í uppbyggingu bæði húsnæðis og þjónustu. Sagan er ekki síst sögð út frá

sjónarhóli þess fólks sem notið hefur þjónustunnar og er komið inn á álitamál og fjallað um viðhorfsbreytingar sem átt hafa sér stað í gegnum tíðina.

Aðalfundur var haldinn 15. maí í rúmgóðum sal í Skipagötu 14. Það var mjög góð mæting á fundinn og ljóst að konur voru þakklátar fyrir að geta komið saman og lokið vetrarstarfinu með þessum hætti. Fundurinn hófst á tónlistaratriði, þær systur Sólrún Svava og Sunneva Kjartansdætur fluttu tvö lög á fiðlu og selló. Vala Fannell og Alma Oddgeirsdóttir sögðu frá nýrri sviðslistabraut sem verið er að setja á laggirnar í Menntaskólanum á Akureyri. Boðið verður upp á nám sem tengist leiklist á ýmsan hátt og lögð áhersla á að kynna nemendum fjölbreytileika sviðslista, s.s. tæknihljóða, ljós, hljóð, leikmynd, búninga og gervi. Samstarf verður við Leikfélag Akureyrar og er hugmyndin að nemendur geti komið að æfingaferli, fylgst með uppbyggingu leiksýningar, rætt við fagfólk á sínu sviði og fengið að kynnast og vinna með faglega tækni í leikhúsumhverfinu. Þetta er sannarlega áhugaverður kostur fyrir nemendur og gott að geta boðið upp á hann norðan heiða



Á fundum í vetur nutu konur félagsskapparins en það kom einmitt berlega í ljós hve mikilvægur hann er okkur öllum.

Sigríður Magnúsdóttir, formaður Betadeildar



Delta

Það má segja að bæði veður og farsóttin Covid-19 hafi lagt stein í götu starfs í Deltadeild vorið 2020. Vegna dreifðrar búsetu félaganna verður að gá vel til veðurs þegar halda á fundi og þegar komið var að öðrum fundi annarinnar í mars, stukku bæði ljónin fram til móts við okkur, óveður og covid. Stjórnin tók þá ákvörðun að reyna ekki frekari fundi fyrr en fært þætti vegna varúðarráðstafana stjórnvalda. Þetta þýddi að við tók fundalaus tími til vors og uppskeran varð einn fundur á önninni, febrúarfundurinn í Borgarnesi. Þar var hlýtt á erindi Hrafnhildar Tryggvadóttur verkefnisstjóra hjá Borgarbyggð, sem fjallaði um flokkun úrgangs og ýmislegt varðandi endurvinnslu og græna hagkerfið. Með þessu móti þótti okkur að komið væri inná nokkur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem DKG hefur lýst vilja til að heiðra og virða: sjálfbæra orku, nýsköpun og uppbyggingu, sjálfbær samfélög, ábyrga neyslu og framleiðslu og aðgerðir í loftslagsmálum. Á fundinum ræddum við líka tvær bækur, Systu eftir Vigdís Grímsdóttur og Innflytjandann eftir Ólaf Jóhann Jóhannsson. Við höfðum jóln til að lesa bækurnar og á fundinum ræddu tveir félagar hvora bók fyrir framan hópinn og buðu uppá spurningar og viðbætur. Þetta fyrirkomulag hefur okkur þótt skemmtilegt og mælum með því fyrir aðra.



Brynja Helgadóttir og Ásta Egilsdóttir ræða um bókina Systu eftir Vigdís Grímsdóttur.

Þrátt fyrir að starfið legðist af með þessu móti, stóð stjórnin vaktina yfir internetið og hafði með sér samráð og hélt sambandi við félagana sömuleiðis með aðstoð tölvu að ógleymdum símanum. Við bjuggum vel að því að uppstillingarnefnd hafði verið virkjuð í tæka tíð, vefarar höfðu tekið ómetanlegan skurk á vefsíðunni og við höfðum skipt okkur í undirbúningshópa vegna umgjardar ráðstefnu samtakanna, sem framundan er og verður væntanlega í september að hausti í Borgarnesi.

Framkvæmdaráð deildarinnar hittist svo með formlegum og hefðbundnum hætti 9. maí. Fögnuður og hlýja ríkti og þar voru m.a. sagðar fréttir af félögum, sem stjórnin hafði hringt til.

Allar samþykktu tillögu uppstillingarnefndar að nýrri stjórn og höfðu komist vel frá breyttum lífsvenjum í faraldrinum, þakklátar fyrir samtalið. Allar voru minntar á að greiða árgjald samtakanna 30. júní. Ákveðið var að halda stjórnarfund 20. ágúst næstkomandi og deildarfund viku síðar, 27. ágúst. Við álitum það nægan tíma til að hefja starfið og huga að ráðstefnu haustsins 12. september. Send verður tilkynning til Landssambandsstjórnarinnar um nýja stjórn í Delta, sem tekur á pappírnum til starfa 1. júlí en í rauninni ekki fyrr en í haust þegar samkomubann verður trúlega liðin tíð: Jónína Erna Arnardóttir formaður, Halldóra Jónsdóttir varaform. Elísabet Jóhannesdóttir meðstjórnandi og Valgerður Janusdóttir ritari. Nýrri stjórn er óskað velfarnaðar.

Eitt af þeim verkefnum vorsins, sem við þurftum að fresta með eftirsjá var heimsókn Lambdadeildar í sveitasælu Vesturlands. Við hlökkum til að bjóða þær velkomnar á næsta starfsári.

*Með einlægri kveðju úr Deltadeild,
Jónína Eiríksdóttir formaður 2018-2020*



Eta

Fundur nr. 4 var ákveðinn í upphafi annar 2020 og var haldin 5. febrúar. Fundur nr. 5 átti að eiga sér stað 12. mars. Það var búið að ákveða stund og stað og einnig var búið að fá fyrirlesara. Nokkrum dögum fyrir þann fund komu ábendingar frá allnokkrum ETA-systrum um að þær töldu ekki rétt í skjóli covid 19 að koma saman til fundar. Stjórnin tók þá ákvörðun um að fresta 5. fundi um óákveðin tíma. Sá tími er ennþá óákveðin og einnig aðalfundurinn sem átti að eiga sér stað 6. maí.

Við í ETA erum ekki komnar með nýja stjórn en vonumst til að hún liggi fyrir upp úr miðjum ágúst.

Ég læt fylgja fundarritun 4. fundar sem var haldin á Marina Hótel, Slippbarnum:

4. fundur Etadeildar 5. febrúar 2020 á Marina Hótel, Slippbarinn. Hópur 3 sá um fundinn í honum voru: Brynhildur, Bryndís S, Þórunn, Magnea og Ásta en Guðrún Hrefna er í leyfi og dvelur í USA. 18 konur mættu á þennan fund.

Formaður, Björg Kristjánsdóttir hóf fundinn og bauð fundarkonur velkomnar og kom með nokkrar tilkynningar. Þá tók Brynhildur við og kynnti fyrirlesarann með nokkrum orðum.

Fyrirlesari var Edda Björk Þórðardóttir nýdoktor við Miðstöð í Lýðheilsuvísindum. Erindið fjallaði um rannsóknina, Áfallasaga kvenna. Verið er að vinna upp úr spurningalista sem lagður var fyrir konur frá 18 ára til 69 ára en einnig svöruðu honum konur 70 ára og eldri. Það eru þær Unnur Valdimarsdóttir og Edda Hauksdóttir sem stýra rannsókninni en Edda Björk er að vinna með þeim að rannsókn og fyrstu niðurstöðum úr spurningalistum en gagnasöfnun lauk sumarið 2019. Samstarf er við Karolinska sjúkrahúsið í Svíþjóð og hafa þær aðgang að gagnagrunni þar.

Í erindi Eddu Bjarkar kom fram að stutt er síðan farið var að huga að hverjar geta verið afleiðingar áfalla sem fólk verður fyrir á lífsleiðinni. Byrjað er að skoða nokkra þætti eins og t.d. hvað er það sem spáir fyrir um bata og þrautseigju þeirra sem verða fyrir áföllum á lífsleiðinni. Það sem virðist hafa afgerandi áhrif eru umhverfisþættir og heilsufar og mikilsverð eru sterk tengsl einstaklinga við einhvern í umhverfi sínu.

Auðlind okkar varðandi rannsóknarferli er hversu góður aðgangur er að kennitölum og öðrum gagnagrunnum hér á landi til gagnasöfnunar. Gagnagrunnar eins og lyfjagagnagrunnur, Íslendingabók og fleira. Nokkrar íslenskar rannsóknir um ofbeldi gagnvart konum eru í gangi. 32.000 konur tóku þátt í rannsókninni, Áfallasaga kvenna.

Næstu skref í vinnu við rannsóknarferlið er að unnið er að sérstökum spurningarlista varðandi þrautseigju en það er talinn mikilvægur þáttur um hvernig einstaklingum tekst að vinna úr áföllum. Þá er einnig farið að vinna að því að gera rannsókn, Áfallasaga karla.

Erindi Eddu Bjarkar var afar áhugavert og fróðlegt og gaman verður að fylgjast með áframhaldandi vinnu og niðurstöðum úr þessari merkilegu rannsókn. Í lok erindis spunnust skemmtilegar umræður og tíminn leið hratt og næsti liður beið. Í lokin færði Björg, Edda Björk rauða rós með kærri þökk fyrir fróðlegt erindi.

Við færðum okkur úr stað og var matur framborinn í skemmtilegu rými þar kveikti Björg á kertunum þremur sem eru einkennismerki samtakanna áður en við byrjuðum að borða. Borðhaldið var létt og skemmtilegt og röbbaðu konur saman þar til fundi var slitið um kl. 21:00.

Björg Kristjánsdóttir, formaður Etadeildar



Epsilon

Aðeins tveir fundir voru haldnir í Epsilondeild fyrri hluta ársins 2020. Kórónaveiran sá um það.



Hluti stofnfélaga deildarinnar.

Fyrri fundurinn var haldinn á heimili Elinborgar Sigurðardóttur að löu í Bláskógabyggð þann 18.1.2020. Þetta var bókafundurinn okkar þar sem við sögðum allar frá einni bók sem við höfðum lesið. Fundurinn heppnaðist mjög vel. Allar höfðu lesið eftirminnilega bók nýlega og við erum snillingar í að segja frá. Rósa Marta sá um „Orð til umhugsunar“ og happdrættið okkar var á sínum stað. Að lokum snæddum við ljúffengar veitingar af „Pálínuborðinu.“ Heim okum við í blíðskaparverði mettar af and- og líkamlegri næringu.

Seinni fundurinn var haldinn í Skálholti þann 28.5.2020. Gestur fundarins var séra Kristján Björnsson vígslubiskup og fræddi hann okkur um margt sem er á döfinni á Skálholtsstað. Það er margt spennandi og fróðlegt sem mun trúlega hafa áhrif á hversu margir heimsækja Skálholt á næstu árum.

Sigríður Guðnadóttir sá um „Orð til umhugsunar“ og happdrættið var á sínum stað. Eftir að fundinum var slitið var Aðalfundur deildarinnar settur. Ingibjörg Þ.Porleifsdóttir las skýrslu formanns og Eydís Katla Guðmundsdóttir fór yfir reikninga deildarinnar.

Uppstillinganefnd kynnti þær konur sem höfðu gefið kost á sér í nýja stjórn og voru þær einróma kjörnar.



Nýja stjórn skipa: Ingibjörg Ingadóttir formaður, Ester Hjartardóttir, Guðríður Egilsdóttir og Guðrún Sigríks Sigurðardóttir. Þær munu skipta með sér verkum á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Eydís Katla Guðmundsdóttir mun halda áfram sem gjaldkeri.

Erfiðasta verkefni formannsins sl. vetur var að ná sambandi við Ríkisskattstjóra og finna út hver væri „eigandi“ deildarinnar. Frá því að deildin var skráð með kennitölu hafa töluvert margir formenn setið en sú sem var „eigandi“ var formaður fyrir löngu. Henni varð varla svefnsamt eftir að hún frétti af ríkidæmi sínu en henni létti stórum elskulegur starfsmaður há Ríkisskattstjóra leysti málið. Vegna þessara vandræða lagði fráfarandi formaður ríka áherslu á að við myndum tilkynna „eigendaskipti“ strax nú í júlí.

Síðan þakkaði fráfarandi formaður öllum Epsilonkonum kærlega fyrir góða mætingu og skemmtilegan systraanda fyrir hönd sinnar stjórnar sl. tvö ár og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Að lokum snæddum við gómsætan kvöldverð. Þorlákshöfn, 14.6. 2020,
Ingibjörg Þ.Porleifsdóttir formaður Epsilondeildar



Gamma

Á vorönn héldu Gammakonur áfram starfi sínu undir yfirskriftinni „Áskoranir 21. aldar“. Eftir að hafa hist á hefðbundnum jólabókarfundi beið okkar spennandi dagskrá. Ýmislegt setti þó strík í áður boðaða dagskrá og hafði verðurfar og heimsfaraldur þar áhrif. Haldnir voru fjórir fundir og verður sagt frá megininntaki þeirra í fáum orðum hér á eftir.

Sjötti fundur vetrarins fór fram í Setbergsskóla. Gestur fundarins var Auður Anna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar. Ræddi hún m.a. um sjálfbæra þróun, loftslagsmálin, tengsl milli loftslagsbreytinga og hverfandi tungumála heimsins og minni menningarfjölbreytni. Við buðum við með okkur konum úr öðrum deildum og kynnt var fyrirhuguð inntaka nýrra félagskvenna.

Þann 2. mars hittumst Gammakonur að Einholti 12 á sjöunda fundi starfsársins. Fundurinn bar yfirskriftina „Hvað brennur á ungu kynslóðinni“. Fulltrúar tveggja félagasamtaka, Unicef og Amnesty International, sögðu frá starfi sínu. Það var fróðlegt og lærdómsríkt að hlusta á framsögu þeirra og þær umræður sem spunnust eftir kynningu þeirra voru áhugaverðar. Eftir kaffihlé voru konur settar í hópa og fjölluðu um innra starf deildarinnar. Var það hugsað sem innlegg stjórnar í félagsstarfið með það að markmiði að heyra raddir Gammakvenna um starf og framtíð deildarinnar.

Áttundi fundur sem fyrirhugaður var þann 2. apríl féll niður vegna samkomubanns. Á þeim fundi ætluðum við að hittast í Dalskóla og fræðast um Landgræðsluskólann en fyrirhugað var að Dr. Hafdís Hanna Ægisdóttir yrði gestur okkar. Það bíður betri tíma.

Vor- og aðalfundur Gammadeildar var haldinn að Hliði á Álftanesi. Gammasystur voru glaðar að hittast eftir fjarveru vegna samkomubanns.

Mjög góð mæting var á fundinn sem hófst með tónlistaratriði frá tónlistarskóla Garðabæjar. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, forseti landssambands DKG, var gestur okkar og aðstoðaði við inntöku nýrra félagskvenna, þeirra Bjarnðísar Fjólu Jónsdóttur og Rósu Bjargar Jónsdóttur. Ný stjórn var kjörin og er Edda



Pétursdóttir nýr formaður Gammadeildar. Aðrar í stjórn eru Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. Úr stjórn ganga María Pálmadóttir og Hertha W. Jónasdóttir.

Í tilefni 100 ára afmælis Rannveigar Sigurðardóttur sem fagnað var á fundinum, ákvað stjórn að heiðra Rannveigu með 100



þúsund króna gjöf til Fjölsmiðjunnar. Rannveig bauð upp á glæsilega afmælistertu og Gammakonur kvöddust sáttar og sælar eftir vel heppnaðan fund.

Félagskonur voru 43 við upphaf starfstímabils stjórnar. Tvær konur létust á tímabilinu, þær Sigrún Aðalbjarnardóttir (eldri) og Bryndís Steinþórsdóttir. Nú hafa tvær nýjar konur bæst í hópinn og eru Gammasystur 43 talsins.

*Með sumarkveðju frá Gammasystur,
María Pálmadóttir formaður*



Iota

Starfsemdir deildarinnar á vorönn var langt frá því að vera eins og lagt var upp með, aftaka veður, ófærð og heimsfaraldur settu svo sannarlega mark sitt á starf deildarinnar okkar. Ætlunin var að halda fjóra fundi þetta tímabil en en fundirnir urðu þrír, þar af var einn haldinn í fjárfundi.

Við höfum komið okkur upp föstum hefðum með fyrsta fund vorannar, hann er alltaf bókafundur þar sem við spjöllum um áhugaverðar bækur og lesefni. Það er með eindæmum hve lesefnið er allaf fjölbreytt og einstaklega ánægjulegt að hlýða á frásagnir og endursagnir systranna á því sem þær hafa verið að lesa síðustu dægrin, ekki er síður ánægjulegt að verða vitni af hvert spjallið leiðir í allri umræðunni, það eru skiptar skoðanir á ágæti bókanna, höfundunum, útliti bókanna svo eitthvað sé nefnt.

Í frebrúar heimsóttum við leikskólann Sólborg á Ísafirði. Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólustjóri tók vel á móti okkur og kynnti starfsemi skólans og framtíðar áætlanir. Helga Björk var með Orð til umhugsunar sagði hún frá bókinni „Ómetanlegt“ eftir Eyglóu Egilsdóttur, bókina skrifaði Eygló í minningu um vinkonu sína. Í bókinni er að finna leiðir um hvernig hægt er að koma núvitund inn í daglegt líf, en í bókinni eru jóga og núvitundaræfingar. Sagði Helga ómetanlegt að hafa þessa bók við höndina í dagsins önn og amstri og liti hún oft í hana.

Skipulag marsfundar var mjög áhugavert. Fundinn skyldi halda í Súðavík, kynningarferð í fjölskyldu fyrirtækið Sætt & Salt súkkulaði. Einnig var skipulögð heimsókn í Melrakkasetrið. Fresta varð þessum fundi vegna að það var B-viðvörðun á Súðavíkurlíð út af snjóflóða hættu, Gemlufallsheiðin er lokuð og leiðinda veður á svæðinu. Þá var lagt upp með að halda fundinn í apríl með sama fyrirkomu lagi. Ekki gekk það upp.

Formaður sendi þá þennan póst á deildarkonur: Þar sem við lifum nú á alveg fordæmalausum tímum er einsýnt að við höldum ekki fundinn okkar næst komandi miðvikudag. Þessi fundur átti að vera aðalfundur með stjórnarkosningu. Það þarf að halda aðalfund og skipa nýja stjórn fyrir lok júní. Vonandi verður róðurinn farinn að léttast fyrir þann tíma, þannig að við getum lokið þessu starfstímabili með formlegum hætti.

Þar sem við hérna á svæðinu fórum illa út úr faraldrinum tókum við ákvörðun um að halda aðalfundinn í gegnum ZOOM 14. maí.

Fundurinn var óhefðbundinn að því marki að Orð til umhugunar féll niður en formið hélt sér, fundargerð síðasta fundar lesin, skýrslur gjaldkera og formanns síðast en ekki síst stjórnarkjör. Fundurinn tókst með ágætum þrátt fyrir smá tæknileg vandræði.

Ný stjórn var kjörin, hana skipa: Barbara Gunnlaugsson, Bryndís Birgisdóttir, Vilborg Ása Bjarnadóttir og Steinunn Guðmundsdóttir.

Við vorum svo heppnar að krækja í eina nýja deildarsystur. Stefnt er á fjölga meira á næsta vetri.

*Kveðja,
Steinunn Guðmundsdóttir, formaður Iotadeildar*





Kappa

Í Kappadeild eru núna 26 konur.

Fjórði fundur starfsársins, bókafundur, var haldinn í Fræðslusetri Starfsmenntar 16. janúar. Herdís Anna Friðfinnsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún ræddi þar um mikilvægi þess að líta til jákvæðra þátta í lífinu. Gestur kvöldsins var Þóra Hjörleifsdóttir. Hún sagði frá leið sinni að því takmarki að verða rithöfundur. Þóra hefur skrifað eina skáldsögu „Kvikú“ og verið þátttakandi í þremur ljóðabókum gefnum út af Svíkaskáldunum. Mikil umræða skapaðist um efni bókarinnar. Hildur Elín Vignir og Gunnlaug Hartmannsdóttir kynntu síðan bækur. Í ljós kom að þær höfðu báðar valið að fjalla um bókina „Tilfinningabyltingin“ eftir Auði Jónsdóttur. Skemmtilegt var að hlusta á þær fjalla um sömu bókina hvor á sinn hátt. Valgerður Magnúsdóttir varð við áskorun fundarkvenna um að segja frá bókinni „Engin sóun“ eftir Beu Johnson.

Fimmti fundur var haldinn í Mixtúru - snillismiðju Reykjavíkurborgar 26. feb. Soffía Vagnsdóttir kynnti staðinn og að hætti hennar var fyrst tekið lagið og Söngur villiandarinnar sunginn af mikilli innlifun. Bjarndís Fjóra Jónsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir útskýrðu hvað þessi forvitnilega smíðja stendur fyrir. Mixtúra vinnur með skapandi krafta, tækni og upplifanir gesta. Nýsköpunartækniþúnaður er lánaður á milli skóla. Kappakonur skoðuðu síðan allt rýmið og verkefnastöðvarnar. Anna Kr. Sigurðardóttir var með Orð til umhugsunar og lagði þar út frá grein sinni um „Pisa- hvað svo? Nokkur leiðarstef um innleiðingu menntaumbóta“ sem birt var í Netlu 2019.

Svo skall heimsfaraldurinn COVID-19 á og allt þjóðfélagið fór úr skorðum. Sjötta fundi 31. mars var aflýst vegna samkomubannsins.



Nokkrar Kappasýstur í Laugardalnum.

Aðalfundurinn var haldinn í Flórunni í Laugardal 4. júní. Genginn var hringur í dalnum undir leiðsögn Áslaugar Ármannsdóttur. Síðan var fundað í Flórunni. Ingibjörg S. Guðmundsdóttir og Ragnheiður Axelsdóttir gengu úr stjórninni en Hulda Anna Arnljótsdóttir var kjörin formaður Kappadeildar til næstu 2 ára og með henni í stjórn verða Hildur Elín Vignir, Herdís Anna Friðfinnsdóttir og Sigrún Kristín Magnúsdóttir. Áslaug Ármannsdóttir verður áfram gjaldkeri deildarinnar. Sólveig Jakobsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún var bæði á persónulegum nótum varðandi veikindi sín á liðnu ári og síðan talaði hún um upplýsingatækni í skólastarfi, málefni sem hefur nýst kennurum og nemendum vel á síðustu vikum. Loks var snæddur kvöldverður.

Allar fundagerðir Kappadeildar eru settar á heimasíðuna okkar inni á DKG.is. Það er hægt að rifja upp og fræðast um fundina.

Að lokinni formannstíð minni þakka ég öllum samstarfið í deildinni og samtökunum DKG. Óska ég þeim sem taka við stjórnartaumunum góðs gengis og ykkur öllum gleði og gæfu.

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, formaður Kappadeildar



Lambda

Á vorönn 2020 héldu Lambdakonur þrjá deildarfundir og þrjá stjórnarfundir, þar af einn fjarfund. Fundum sem áttu að vera í apríl og maí var frestað vegna samkomubanns. Þema ársins var: Skóli fyrir alla og efni funda í samræmi við það.

Lambdafundur 29. janúar 2020 var haldinn í fundarsl Reykjavíkúakademíunnar sem starfar í Þórunnartúni. Sigurborg flutti orð til umhugsunar og talaði um hvernig höldum við góðum hlutum gangandi. Þessi umræða var komin til vegna þess að leikskólinn hennar, Bæjarból fékk úrvalseinkunn í ytra mati Menntamálastofnunar. Í framhaldi var rætt um framtíð leikskólans, tengslamyndun, langan vistunartíma, erfiðleika foreldra og fleira. Gestur fundarins var síðan Hulda Karen Daníelsdóttir. Hún hefur starfað með ÍSAT nemendum (íslenska sem annað tungumál) undanfarin 20 ár. Hún fór yfir þróun mála á þeim tíma og við ræddum fram og til baka um málaflokkinn. Mikilvægasta vinnan framundan er að að vinna að nýrri ÍSAT-námskrá. Umræðurnar voru fjörugar og fóru um víðan völl enda margar sem eru að vinna með börnum sem falla í þennan hóp.

Fundur 9. mars 2020 var haldinn heima hjá Sigurborgu í Hafnarfirði. Gerður Magnúsdóttir flutti orð til umhugsunar og ræddi um bækur sem hún grípur oft til á erfiðum tímum. Jóhanna G. Ólafsdóttir sagði frá verkefni sem hún hefur unnið að í Kópavogsskóla þar sem markmiðið er að gefa nemendum með frávík í hegðun og námi aukið vald til að móta, með aðstoð kennara, sína eigin námskrá.

Lambda-deild hélt aðalfund í Veröld, Húsi Vigdísar Finnbogadóttur 3. júní. Tekið var á móti hópnum og við fengum kynningu á starfseminni og húsinu. Að því loknu var fundur settur. Birna

flutti skýrslu stjórnar og Jódís kynnti reikningana í fjarveru lðunnar gjaldkera.

Tillaga að nýrri stjórn var samþykkt með lófataki en hana skipa: Jódís Káradóttir, Birna Sigurjónsdóttir, Ólafía Guðmundsdóttir, Sigurborg Kristjánsdóttir og lðunn Antonsdóttir, gjaldkeri. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Gerður Magnúsdóttir gekk úr stjórninni og var henni þakkað með rós fyrir stjórnarstörfin.

Birna Sigurjónsdóttir, formaður Lambdadeildar





Mý

Fyrsti fundur hjá Mýdeild var haldinn í Síðuskóla 3. febrúar 2020 sem að venju var bæði skemmtilegur og fræðandi. Erna Rós Ingvarsdóttir flutti orð til umhugsunar, hún lagði út frá ljóðinu „Orðin mín“ eftir Sigurð Guðmundsson en textinn fjallar um hvernig við eigum að koma fram hvort við annað. Líf okkar snýst um samskipti, sagði Erna Rós og talaði um jákvæða sjálfsrækt og hvernig orð hafa ábyrgð.

Síðan tók Sigrún Sveinbjörnsdóttir við og sagði okkur frá bókinni „Systa“ sem hún skrifaði ásamt Vigdís Grímsdóttur og kom út á seinasta ári. Sigrún spjallaði um tilurð bókarinnar og ræddi einnig um starfslok sín í HA. Sigrún talaði síðan um hvernig stóð á því að hún fór að vinna með Vigdís Grímsdóttir en þær ólust upp í sama hverfinu í Reykjavík.



Upphaflega sendi Sigrún Vigdís slatta sem hún hafði skrifað en Sigrún lýsti síðan samskiptum þeirra tveggja og fyrsta fundi þeirra í Finnbogastaðaskóla á Vestfjörðum þar sem þær lögðu línurnar um bókarskrifin. Sigrún sendi síðan Vigdís minningarbrot sín og Vigdís setti skrifin saman í bókina og úr varð að bókin væri að mestu bernskuminningar Sigrúnar og hún endar þegar Sigrún er 16 ára árið 1962. Innileg og skemmtileg frásögn hjá Sigrúnu.



Þá var haldinn bókafundur 24. febrúar þar sem nokkrar félagskonur hittust á kaffihúsinu Bláu könnunni og ræddu bók Sigrúnar „Systa“ Konur voru sammála um að bókin væri afar einlæg og veki upp minningar frá bernskuárunum.

Ekki varð úr að fleiri fundir yrðu haldnir vegna Covid19 og var aðalfundi frestað til haustsins. Stjórnin hittist í febrúar og þar kom fram einlægur vilji til að hér eftir væri reglan sú að á aðalfundi mundu tvær konur ganga úr stjórn og tvær nýjar koma inn í staðinn. Óskað var eftir tilnefningum og framboðum með rafrænum hætti og tvær nýjar konur þáðu boð um að nýta krafta sína til stjórnarstarfa. Stjórnin stefnir að því að hittast í ágúst og undirbúa aðalfund og stjórnarskipti.

Katrín Fjóra Guðmundsdóttir, formaður Mýdeildar



NU

Haustið 2019 vorum við í NU deild á Norðurlandi vestra þyrstar í að hittast oftast en við höfðum gert veturinn áður. Þá var það þannig að við hittumst í september, október og nóvember og síðan í mars, apríl og maí.



Veturinn 2018 til 2019 hafði verið ágætur og langaði okkur því að bæta við jafnvel janúar og febrúar.

En svo brast veturinn á í öllu sínu veldi og var ekkert ferðaveður eftir áramótin og þurftum við því að fresta fundum sem okkur langaði að bæta við. Jæja við vorum því ákveðnar að við tækjum þá vel á móti vori og færum þá á fullt en eins og allar hér vita þá kom Covid og ekkert gerðist.

Við náðum þó að halda aðalfund í gegnum Zoom fjarfundarbúnað þar sem við gátum gert upp árið og skipt um í stjórn félagsins okkar. Fundurinn var formlegur þar sem kveikt var á kertum og orð til umhugsunar voru lesin upp. Eftir það hófst formlegur fundur þar sem farið var yfir starfið, kosin stjórna og farið yfir reikninga. Við erum ungt félag og verður það markmið nýrrar stjórnar að halda áfram að fá inn

nýjar konur í félagsskapinn. Í fyrra gengu 2 nýjar konur í NU deild. Konur voru hvattar til að mæta í Borgarnes og upplifa stemminguna á vofundi þó svo að hann verði í september.

Við höldum því áfram þrátt fyrir að náttúran hafi haft mikil áhrif á fundi okkar sl. vetur og sjáum að þegar svo mikil fjarlægð er á milli okkar getum við kannski líka notað meira fjarfundi þó svo að þeir komi aldrei í stað þess að hittast. Það er um 150 km. á milli Hvammstanga og Hofsós og því getur verið langt að fara á milli staða. Við höfum reynt að skiptast á að halda fundi þannig að það er alltaf töluvert ferðalag fyrir konur að komast á milli og fjallvegir sem þarf að fara yfir þó við hittumst á miðri leið.

Með jákvæni að leiðarljósi höldum við áfram í NU deild og hlökkum til næsta starfssárs.

Með þökk fyrir gott og gefandi samstarfs sl. þjú ár.



Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, formaður Nudeildar



Zeta

Það er víst hægt að segja að starf deildarinnar hafi verið með öðru sniði í vetur og árið 2020, gleymist seint. Ekki er annað hægt að segja en að mánuðirnir janúar til apríl hafi verið einkennilegir og jafnvel óraunverulegir. Fyrsti fundur ársins átti að vera á Egilsstöðum í febrúar en honum var aflýst, vegna veðurs. Sama er að segja um næsta fund sem halda átti á Seyðisfirði í mars. Það var því næst á dagskrá samkvæmt starfsáætlun Zetadeildar að halda aðalfund í apríl. Stjórnin hittist í mars og skipulagði aðalfund, en svo kom kórónaveiran og tók af okkur öll ráð.

Stjórnin kannaði áhuga hjá félagskonum með að nýta tæknina til þess að halda fund og kom í ljós að félagskonur voru meira en tilbúnar að prufa nýtt fundarform. Við höfðum ekki haldið fund síðan í desember. Netfundur í Zetadeild var síðan haldinn 15. apríl 2020 í gegnum Google Meet fjarfundarkerfi á tímum samkomubanns vegna Covid-19. faraldurs. Góð dagsetning það sem fundinn bar upp á 90 ára afmælisdag Frú Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta og heiðursfélaga í DKG.



Tíu félagskonur mættu á fundinn. Haldið var í hefðir og kveikt á kertum og við fengum gest til okkar á fjarfundinn. Ásthildur Kristín Garðarsdóttir grunnskólakennari og MA í jákvæðri sálfræði fræddi okkur um leiðir til að vinna bug á neikvæðni með jákvæðni að leiðarljósi. Fundurinn tókst vel og konur

sammála um að ekkert væri því til fyrirstöðu að halda aðalfundinn með þessum hætti í vor en við vonuðum jafnframt að til þess þyrfti ekki að koma. Það er svo miklu skemmtilegra að hittast allar á sama stað. Ekki var um sameiginlega máltíða að ræða á þessum fundi, upplifun af matarlykt og bragði berst víst enn ekki í gegnum netheima.

Aðalfundur Zetadeildar var haldinn í Bókakaffi í Fellabæ Egilsstöðum 2. júní 2020. Þar sem búið var að losa um samkomubannið þá hittumst við. Almenn aðalfundarstörf fóru fram. Harpa kveikti á kertunum og sá um fundarstjórn. Ruth las upp markmiðin og Unnur leiddi félagskonur í dásamlega hugleiðslustund. Skýrsla stjórnar lesin og að lokum var ný stjórn kosin. Í stjórn Zetadeildar 2020-2022 eru þær: Guðmunda Vala Jónasdóttir, formaður, Margrét Björk Björgvinsdóttir og Jórunn Kristín Sigurbjörnsdóttir meðstjórnendur.



Að lokum borðuðu félagskonur sama og síðan var haldið út í sumarið. Njótið sumarsins og bestu kveðjur frá okkur í Zetadeild

Guðrún Ásgeirsdóttir, formaður Zetadeildar



Peta

Fundir Peta deildar á vorönn voru 3 talsins. Eins og hjá öllum raskaðist fundardagskráin hjá okkur vegna covid-19 og fundir voru færri en áætlað var og engin vorferð var farin þetta starfsár.

Fyrsti fundurinn var haldinn 21.janúar og var það bókafundurinn okkar. Var hann haldinn á Raven gistiheimilinu í Reykjanesbæ, en ein Petasystir rekur það ásamt manni sínum. Auk hefðbundinna dagskráliða þá kom Marta Eiríksdóttir blaðamaður, jógakennari og rithöfundur á fundinn og sagði frá starfi blaðamannsins og kynnti fyrir okkur þær bækur sem hún hefur skrifað og las úr þeim. Það var mjög áhugavert og skemmtilegt að hlusta á hana. Einnig sagði Ingibjörg Jónsdóttir, Petasystir, okkur frá gistiheimilinu. Rakti sögu hússins sem varð gisitheimili 2005 og hvernig það kom til að þau hjónin keyptu það og reka núna.

Febrúarfundurinn var haldinn í sérdeildinni Ösp við Njarðvíkurskóla. Ásgerður Þorgeirsdóttir skólalastjóri Njarðvíkurskóla og Petasystir tók á móti okkur og sagði frá Öspinni. Öspin er sérdeild við Njarðvíkurskóla var stofnuð haustið 2002. Nokkrum sinnum hefur verið byggt við húsið og er húsnæðið núna orðið þannig að það hentar starfseminni vel og gott rými er fyrir alla. Allir nemendur Asparinnar tilheyra sínum umsjónarþekki í Njarðvíkurskóla og vinna starfsmenn að því að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi í skipulagningu á náminu þeirra.

Einnig fengum við kynningu á verkefninu "Allir konfektmolarnir". Heiða Ingólfsdóttir, Petasystir, kynnti verkefnið. Verkefnið gengur út á fulla þátttöku allra nemenda í skólastarfinu, samstarf kennara og starfsfólks í Ösp og Njarðvíkurskóla og hvernig hægt er að styðja kennara í því að koma sem best til móts við alla nemendur. Mjög áhugaverð og skemmtileg heimsókn í Öspina.

Við höldum svo síðasta fund vetrarins 27.maí, sá fundur var einnig aðalfundur. Fundurinn var haldinn á hótél Park inn, Reykjanesbæ. Þar flutti Monika Dorota Krus mjög áhugavert erindi. Monika er verkefnastjóri á fyrirtækjasviði hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og einnig kennir hún ensku og pólsku fyrir útlendinga hjá Vinnumálastofnun. Monika er sérfræðingur í mannauðsstjórnun (með BA gráðu frá University of Computer Sciences and Skills), markþjálfun og viðskiptamarkþjálfun (Business Coach and Trainer - Coaching Clinic) og vottuð sem ráðgjafi DISC D3 (greiningartæki til að kanna hæfni og hæfileika). Aðalsvið hennar er stjórnun, samvinna og samskipti í fjölmenningslegum starfsmannahópi, innleiðing jákvæðrar fyrirtækjamenningar og/eða úrlausn krísuástands. Monika sagði frá sjálfri sér, hvernig henni hefur liðið á Íslandi og fjallaði um menningarmuninn á Íslandi og Póllandi.

Á aðalfundi voru hefðbundin aðalfundarstörf og kosið í nýja stjórn. Ný stjórn Petadeildar fyrir tímabilið 2020-2022 er þannig skipuð: Ingibjörg Hilmarsdóttir formaður, Ása Einarsdóttir, Fanney Dóróthea Halldórsdóttir og Lóa Gestsdóttir. Kristín Helgadóttir verður áfram gjaldkeri og Sigurlína Jónasdóttir verður áfram með umsjón með vef Petadeildar.

Sigurlína Jónasdóttir, ritari Petadeildar





Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Stefnuyfirlýsing Delta

Kappa Gamma:

*Alþjóðasamtökin Delta
Kappa Gamma stuðla að
auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna
í fræðslustörfum og gæðum í
menntun og uppeldisstörfum.*



Heimasíðan okkar er:

<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:

<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://dkg.org>